

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 231/1987. **Frægur hf.**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Bátanausti hf.

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann dráttarvaxta af málskostnaði samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara gerir hann þær dómkröfur, að kröfur stefnda verði stórlega mildaðar og málskostnaður þá látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags beri dæmd fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Það skýrir hann á þann veg, að hann hafi verið fjarri heimili sínu, þegar stefna var birt, og hafi sambýliskona sín gleymt að skýra sér frá stefnunni. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að útivist hans í héraði hafi verið afsakanleg í skilningi 45. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Ber því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara. Ekki verður litið til nýrra gagna og málsástæðna.

Stefndi lýsir málavöxtum í héraðsdómsstefnu svo sem rakið er í héraðsdómi. Þar kemur fram, að með dómi Hæstaréttar 10. júní

1986 var stefndi dæmdur til að greiða fyrirtækinu C.C. Jensen A/S í Danmörku 33.267,77 danskar krónur og vexti frá 15. júlí 1982 ásamt 70.000,00 krónum í málskostnað. Stefndi greiddi lögmanni C.C. Jensen A/S dómkröfuna 4. júlí 1986 með 289.817,64 krónum. Einnig greiddi hann lögmonnum sínum fyrir flutning málsins 30.302,00 krónur í héraði og 25.000,00 krónur fyrir Hæstarétti. Þannig greiddi hann alls 345.119,64 krónur. Er það stefnufjárhæð máls þessa. Hann heldur því fram, að krafa hins danska fyrirtækis hafi verið til komin vegna pöntunar hans á gluggum og kýraugum fyrir áfrýjanda, en hann hafi ráðið sig til að smíða stýrishús á m/b Jón Helgason, ÁR 12, og panta efni í það.

Stefndi lýsir því að áfrýjandi hafi ekki innleyst vöruna og hún hafi verið boðin upp til greiðslu aðflutningsgjalda. Allt uppboðs- andvirðið hafi gengið til greiðslu kostnaðar og aðflutningsgjalda.

Í héraðsdómsstefnu gerði stefndi svofellda grein fyrir málsástæðum og lagarökum:

„Með því að stefndi (áfrýjandi) fól stefnanda (stefnda) að panta vöru þessa hefur hann valdið stefnanda fjárhagslegu tjóni sem stefnda ber að bæta, þ.e. endurgreiða, á grundvelli lagareglna, samninga og kröfuréttar. Öll útgjöld stefnanda leiddi af því, að stefndi hafði ráðið stefnanda til að smíða fyrir sig umrætt stýrishús og panta í það efni.“

Í hæstaréttardómi frá 10. júní 1986, sem frammi lá í héraði, er því lýst, að hið danska fyrirtæki hafi sent vöruna til stefnda, svo sem um var beðið. Vöruheikningur hafi verið ritaður 30. júní 1982 og farmskírteini gefið út 1. júlí s.á. og hvort tveggja sent Landsbanka Íslands til innheimtu af viðskiptabanka fyrirtækisins. Stefnda hafi borist tilkynning um komu skjalanna og tilmæli um að leysa vöruna út. Það var því á valdi stefnda að leysa út gluggana og kýraugun. Í lýsingu málsástæðna stefnda í héraðsdómsstefnu er ekki gerð grein fyrir hvernig hann hyggst koma ábyrgð á innlausn vörunnar yfir á áfrýjanda. Auk þess verður ekki séð að hann hafi skorað á áfrýjanda að greiða kröfurnar, áður en hann höfðaði mál þetta. Þá vantar í héraðsdómsstefnu að grein sé gerð fyrir sambandi Sigurðar A. Jónssonar og Frægs hf. Loks er í héraðsdómsstefnu vitnað almennt til „lagareglna, samninga og kröfuréttar“, en engin önnur grein gerð fyrir lagarökum. Málatilbúnaður stefnda í héraði

var því í andstöðu við ákvæði b-, d- og e-liðar 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, og ber því þegar af þeim ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómpings Árnæssýslu 3. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 9. júlí sl.

Stefnandi er Bátanaust hf., Elliðavogi, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður A. Jónsson, nnr. 7878-0126, Fagrabæ 14, Reykjavík, fyrir hönd Frægs hf., nnr. 2506-0717, Þorlákshöfn.

Dómkröfur eru þær að stefnda verði dæmt til að greiða honum 345.119,64 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 4.7.1986 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa þannig til komna, að í maímánuði 1982 hafi stefndi falið stefnanda að panta fyrir sig skipsglugga og kýraugu af Sikovigerð. Gluggarnir og kýraugun áttu að fara í stýrishús á mb. Jóni Helgasyni, ÁR 12, sem stefnandi var ráðinn til að smíða á bátinn fyrir eiganda hans, Fræg hf., sem er stefndi í máli þessu. Varan hafi verið pöntuð að beiðni stefnda hjá C.C. Jensen A/S, Danmörku, og hún átti að vera komin til landsins fyrir lok júlí 1982 og afhendast Bátanausti. C.C. Jensen ritaði vörureikninga 30.6.1982 og gaf út farmskírteini 1.7.1982 og sendi hvort tveggja Landsbanka Íslands í Reykjavík. Er talið, að vara og skjöl um hana hafi komið til landsins upp úr 15. júlí 1982. Stefndi innleysti ekki vöruna og fór svo að hún var boðin upp til greiðslu aðflutningsgjalda að kröfu tollstjórans í Reykjavík. Gekk allt uppboðsandvirði til greiðslu kostnaðar og aðflutningsgjalda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður því með vísan til 118. gr. 1. nr. 85/1936 að dæma málið

eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við stefnukröfur verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 43.000,00.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Frægur hf., greiði stefnanda, Bátanausti hf., kr. 345.119,64 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 4.7.1986 til greiðsludags og kr. 43.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.